

2008-2009

Tæknideild

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar fyrir skólaárið 2008 - 2009

Eins og áður var starfið aðallega fólgið í umsjón með tölvubúnaði skólans. Annar búnaður svo sem skjávarpar og ljósritunarvél taka nú hlutfallslega minni tíma en áður þar sem bilanatíðni hefur verið afar lág.

Talsverð vinna fer alltaf í lagfæringar á tölvum starfsmanna en þar er í fæstum tilfellum um vélabilanir að ræða heldur frekar hugbúnaðarvanddræði, oftast af óútskýranlegum orsökum.

Tölvurnar sem teknar voru í notkun í fyrra hafa reynst mjög vel og er staðan sú að skólinn er nokkuð vel undir það búinn að mæta væntanlegum fjárhagsþrengingum að því leyti, að ekki er fyrirsjáanleg þörf á stórum fjárfestingum vegna endurnýjunar á tækjabúnaði. Að sjálfsögðu verður þó að gera ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna bilana en það ætti að geta verið í lágmarki ef heppnin er með. Ljósritunarvélín er vissulega farin að eldast en hún hefur þá náttúru að bila nánast aldrei og endast von úr viti þannig að hún gæti dugað eitthvað áfram.

Til að mæta rekstrarerfiðleikum skólans hef ég lagt til að starfshlutfall vegna umsjónar með tæknimálum verði lækkað úr 50% í 35%. Rök fyrir því eru eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi var í vetur gerð tilraun með að yfirfara ekki sérstaklega allar tölvur nemenda á haustönninni. Það hefur í för með sér vinnuspamað og reyndist ekki hafa nein skaðleg áhrif á rekstraröryggi kerfisins í vetur. Mun þetta verða reynt aftur næsta vetur.
- Í öðru lagi verður nemendum ekki úthlutað netföngum fyrir tölvupóst nema sérstaklega sé eftir því óskað, enda flestir nemendur með netföng fyrir, auk þess sem tölvusamskipti fara nú fram gegnum Angel umsjónarkerfið.
- Í þriðja lagi hefur bilanatíðni tækja minnkað og almennt rekstraröryggi aukist, auk þess sem mikil reynsla er komin á kerfið og því fer minni tími í að bregðast við vandamálum en áður.

Allt þetta tel ég að gefi færi á áðurnefndum niðurskurði án þess að tímakaup umsjónarmanns sé skert. Tekið skal fram að ég reikna með að þetta sé tímabundin ráðstöfun sem miðast við núverandi stöðu mála. Hún getur auðvitað versnað hvenær sem er og krafist meiri vinnu í framtíðinni.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála

Bókasafn

Skrifað 14 maí 2011

Bókasafn Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2008-2009

Safnið þjónar fyrst og fremst nemendum, kennurum og starfsmönnum skólans. Á haustönn voru skráðir 104 nemendur en 114 á vorönn.

Safnkostur

Safnkostur í lok ársins var 7371 þar með talin rit í geymslu og á skristofu skólameistara. Aðföng voru 163 en afskrifaðar bækur voru 10. Jafnfamt eru til 138 myndbönd og mynddiskar á safninu. 28 geislaplötur og 15 margmiðlunardiskar. Safnið er áskrifandi að 30 tímaritum, auk þess berast ýmis fréttabréf reglulega. Bókasafnið kaupir aðgang að Gagnasafni Morgunblaðsins í 9 mánuði á ári. Til kaupa á safnkosti var samtals varið kr. 372 516 Kostnaður vegna landsaðgangs að gagnasöfnum og bókasafnskerfisins, Gagnis, kr. 35 744. Námskeiðs- og ferðakostnaður kr. 98 845 og annar kostnaður var kr. 33 268.

Starfsemi

Bókasafnið var opið frá 8.30 – 18.00 mánudaga – fimmtudaga og til 14.40 á föstudögum. Bókavörður var ekki á safninu milli 14.00 og 15.00 og einungis til 12.30 á föstudögum en kennari í vinnustofu tók að sér að loka safninu þá daga. Þetta gekk þokkalega en stundum var nokkur óróleiki þegar bókavörður kom kl. 15.00.

Skráð útlán á skólaárinu voru samtals 1662, sem er töluvert mikil aukning frá fyrra ári, þar af voru skammtímalán 836. Það er ánægjulegt að sjá sífellt meiri notkun á safninu, nemendur eru þar ýmist við heimildavinnu eða vinna önnur verkefni.

Millisafnalán voru 70. Flest gögn voru fengin að láni frá Bókasafni Reykdæla og Bókasafninu á Húsavík, en einnig frá Amtsbókasafninu á Akureyri, Bókasafni Háskólans á Akureyri og Landsbókasafni- Háskólabókasafni og fleiri söfnum. 20 bækur voru lánaðar til Bókasafns Reykdæla.

Nýnemar komu í bókasafnskynningu í vinnustofutímum og unnu jafnframt stutt verkefni í heimildaleit. Byrjað var með kynningu í Sigurðarstofu þar sem auðveldara er að nota skjávarpann áður en farið var í verkefnavinnu á safninu.

Nemendur á almennri braut höfðu reglulega einn tíma í viku á bókasafni. Þau komu í fjórum hópum, 3-6 í senn og unnu ýmis verkefni sem tengjast leit í Gegni, handbókaverkefni, ritunarverkefni, heimildaskráning, stutt heimildaverkefni o.fl.

Við innheimtu gagna hafa nemendum verið send SMS skilaboð sem þeir bregðast misjafnlega við. Innheimtur hafa þó verið nokkuð góðar.

Settar voru upp nýjar merkingar á bókahillur, segulmerkingar sem hægt er að færa að vild.

Gréta Ásgeirsdóttir var í 50% starfi í vetur og Þóra Fríður Björnsdóttir í 30%.

Gjafir

Við skólaslit 2008 færðu 40 ára nemendur bókasafninu nokkrar bækur að gjöf:

A Delicious Iceland eftir Völund Snæ Völundarson, Afleggjarinn eftir Auði Ólafsdóttur, Leyndarmálið eftir Rhonda Byrne, Hin mörgu andlit trúarbragðanna eftir Þórhall Heimisson og Já, ég þori, get og vil eftir Hildi Hákonardóttur. Þar sem fjórar bókanna voru til var þeim skipt og staðinn tekin Íslensk samheitaorðabók og Að styrkja "haldreipi skólustarfsins" menntun grunnskólakennara á Íslandi í 100 ár eftir Kristínu Aðalsteinsdóttur.

Seinni hluta septembermánaðar færði Þóra Fríður Björnsdóttir bókasafninu 37 barna- og unglingsbækur að gjöf frá fjölskyldunni í Pálmholti. 25 bækur voru skráðar á safnið en 12 gefnar í Litlulaugaskóla. Þær komu sér strax vel í barnabókaáfangu sem kenndur var á haustönninni.

Í tilefni af 20 ára afmæli Framhaldsskólans barst safninu bókin "Land og fólk : byggðasaga Norður-Þingeyinga" að gjöf frá Norðurþingi.

Aðventuljós í Þingeyjarsýslum

Í samvinnu við Safnahúsið á Húsavík undirbjó bókavörður upplestur rithöfundu úr bókum sínum á Sal sunnudaginn 7. desember. Rithöfundarnir voru: Erla Bolladóttir, Þorvaldur Kristinsson, Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir og Guðjón Friðriksson. Tæplega 20 manns áttu virkilega skemmtilega stund saman, hlýddu á upplestur og spjall höfundanna og gæddu sér á kaffi og kleinum í boði skólans.

Fundur og námskeið

Bókaverðir sóttu Landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Flensborg í Hafnarfirði dagana 10. - 11. september.

17. september fór Gréta á námskeið á vegum Landskerfis bókasafna vegna 18. útgáfu Gegnis, sem haldið var í Háskólanum á Akureyri.

Laugum 27. maí 2009

Gréta Ásgeirsdóttir bókavörður